


PERSÓNUVERNDARSTEFNA  
HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐAR



**HAFNARFJÖRÐUR**

# PERSÓNUVERNDARSTEFNA

## I. Inngangur

Hafnarfjarðarkaupstaður og undirstofnanir hans (einnig vísað til sem „sveitarfélagið“) leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar einstaklinga, tryggja áreiðanleika þeirra, trúnað og öryggi við vinnslu. Á þeim grundvelli hefur sveitarfélagið sett sér persónuverndarstefnu þessa, sem skýrir hvernig sveitarfélagið meðhöndlar og vinnur persónuupplýsingar einstaklinga.

Persónuverndarstefna Hafnarfjarðarkaupstaðar er svohljóðandi:

## II. Gildissvið

Sveitarfélagið leitast við að uppfylla í hvívetna ákvæði og regluverk laga um persónuvernd sem eru í gildi á hverjum tíma. Persónuverndarstefna þessi er byggð á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Stefnan lýsir því hvernig unnið er með persónuupplýsingar hjá sveitarfélaginu. Hún tekur til skráningar, vörslu og vinnslu persónuupplýsinga, hvort sem slík vinnsla fer fram með rafrænum hætti, á pappír eða öðrum sambærilegum hætti. Þegar vísað er til sveitarfélagsins í stefnu þessari er einnig átt við stofnanir, ráð og nefndir á vegum þess.

Persónuupplýsingar í skilningu stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til ákveðins einstaklings, til dæmis tilvísun í auðkenni hans eins og nafn, kennitölu, tölvupóstfang, heimilisfang, símanúmer og fleira. Persónuupplýsingar geta ýmist verið almennar eða viðkvæmar.

Ýmsar stofnanir sveitarfélagsins kunna jafnframt að hafa sett sér sína eigin persónuverndarstefnu og vísast einnig til þeirra þar sem við á.

Persónuverndarstefnan nær ekki til lögaðila né upplýsinga sem ekki eru persónugreinanlegar.

## III. Ábyrgð á grundvelli persónuverndarlaga

Sveitarfélagið ber almennt ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem unnið er með í starfsemi þess og telst ábyrgðaraðili að vinnslunni samkvæmt lögum um persónuvernd. Ábyrgð kann þó að vera mismunandi eftir því á hvaða vettvangi og í hvaða tilgangi vinnslan fer fram. Þannig eru grunnskólar sveitarfélagsins t.a.m. ábyrgðaraðilar vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem þeir fara með.

## IV. Hvernig vinnur sveitarfélagið persónuupplýsingar ?

Öll vinnsla sveitarfélagsins á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga. Fer vinnslan þannig fram í skýrum tilgangi og byggist á lögumætum grundvelli. Gætt er að því að persónuupplýsingar séu ekki unnar með frekari hætti en í

samræmi við upprunalegan tilgang vinnslunnar. Lögð er áhersla á að ekki sé gengið lengra í vinnslu persónuupplýsinga en þörf krefur til að ná því markmiði sem stefnt er að.

Til þess að tryggja að unnið sé með persónuupplýsingar í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga veitir sveitarfélagið starfsfólki sínu fræðslu og þjálfun í því hvernig skuli umgangast og meðhöndla slíkar upplýsingar.

## **V. Um hvaða einstaklinga safnar sveitarfélagið persónuupplýsingum ?**

Sveitarfélagið safnar og vinnur persónuupplýsingar í flestum tilfellum í tengslum við veitingu lögbundinnar og/eða samningsbundinnar þjónustu, eða í tengslum við rekstur. Sveitarfélagið vinnur persónuupplýsingar um eftirfarandi einstaklinga (ekki er um tæmandi upptalningu að ræða):

- íbúa, umsækjendur þjónustu og aðra skjólstæðinga sveitarfélagsins;
- einstaklinga sem eru í annars konar samskiptum við sveitarfélagið;
- einstaklinga sem eru tengdir listmunum eða safngripum og aðilar tengdir þeim;
- starfsmenn sveitarfélagsins; og
- tengiliði þeirra lögaðila sem sveitarfélagið er í samningssambandi við.

## **VI. Hvaða persónuupplýsingar vinnur sveitarfélagið ?**

Sveitarfélagið safnar og varðveitir upplýsingar sem nauðsynlegar eru og viðeigandi með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar hverju sinni, meðal annars um ofangreinda flokka einstaklinga. Upplýsingarnar eru ýmist fengnar frá einstaklingunum sjálfum eða á grundvelli annarra heimilda, eins og Þjóðskrá, undirstofnunum og samstarfsaðilum sveitarfélagsins.

Ólíkum persónuupplýsingum er safnað um ólíka flokka einstaklinga og fer söfnun og vinnsla eftir eðli sambandsins á milli sveitarfélagsins og viðkomandi einstaklings. Í samræmi við það er umfangsmeiri upplýsingum safnað um starfsmenn, íbúa, umsækjendur þjónustu og aðra skjólstæðinga sveitarfélagsins, heldur en um aðra, eins og til dæmis tengiliði lögaðila eða einstaklinga sem eru í einstökum og afmörkuðum samskiptum við sveitarfélagið.

Undir ákveðnum kringumstæðum safnar sveitarfélagið viðkvæmum persónuupplýsingum í skilningi laga um persónuvernd, svo sem um líkamlegt eða andlegt heilbrigði, aðild að stéttarfélagi og þjóðernislegan uppruna. Sveitarfélagið fer með vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga af aukinni varkárni og í samræmi við regluverk þar um.

Ofangreind upptalning á söfnun og vinnslu persónuupplýsinga er í dæma skyni og er ekki tæmandi.

Magn og eðli upplýsinganna fer eftir sambandi sveitarfélagsins og þess einstaklings sem um ræðir. Einstaklingum er valkvætt að veita persónuupplýsingar. Séu persónuupplýsingar ekki veittar í ákveðnum tilvikum kann það þó að hafa áhrif á möguleika sveitarfélagsins til að veita þá þjónustu sem um ræðir.

## **VII. Á hvaða grundvelli safnar sveitarfélagið persónuupplýsingum ?**

Grundvöllur söfnunar og vinnslu persónuupplýsinga hjá sveitarfélaginu er einkum að geta uppfyllt lagaskyldu sem gildir um rekstur og þjónustu sveitarfélaga.

Þá safnar sveitarfélagið einnig persónuupplýsingum vegna samningssambands sem sveitarfélagið er í, til dæmis við starfsfólk, viðskiptamenn, verktaka, eða til að koma slíku samningssambandi á.

Í sumum tilvikum byggir sveitarfélagið vinnslu á grundvelli samþykkis einstaklinga, svo sem vegna myndbirtingar í skólum og leikskólum, og á grundvelli lögmætra hagsmuna sveitarfélagsins, svo sem vegna eftirlits í öryggis- og eignavörsluskyni.

Sem opinber aðili getur vinnsla sveitarfélagsins jafnframt verið nauðsynleg við beitingu þess opinbera valds sem sveitarfélagið fer með.

## **VIII. Varðveislutími og eyðing gagna**

Sveitarfélagið fylgir lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og er afhendingarskyldur aðili, samkvæmt lögnum, á skjölum sem safnað er í rekstri sveitarfélagsins.

Sveitarfélaginu er þannig óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið safnar og vinnur afhentar þjóðskjalasafninu að þrjátíu árum liðnum.

## **IX. Öryggi persónuupplýsinga**

Sveitarfélagið leggur mikla áherslu á að vernda allar persónuupplýsingar og grípur til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar með hliðsjón af eðli þeirra.

Í þessu felst meðal annars vernd gegn óleyfilegri eða ólögmætri vinnslu og gegn óheimilli miðlun, glötun, eyðileggingu, breytingu, aðgangi, afritun eða notkun.

Sveitarfélagið stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna með viðeigandi fræðslu og þjálfun um öryggi og vinnslu persónuupplýsinga. Þá hefur sveitarfélagið innleitt viðeigandi ferla sem eru prófaðir reglulega, sem og aðrar persónuverndarráðstafanir sem eru hæfilegar miðað við stærð, eðli og rekstur sveitarfélagsins. Þær taka jafnframt mið af eðli og magni persónuupplýsinganna sem um ræðir og áhættu fyrir einstaklingana.

Komi upp öryggisbrestur sem varðar persónuupplýsingar einstaklinga og hefur í för með sér áhættu mun sveitarfélagið tilkynna slíkt án ótilhlýðilegrar tafar til eftirlitsyfirvalda. Í ákveðnum tilfellum ber sveitarfélaginu einnig að tilkynna skráðum einstaklingum um öryggisbresti. Til staðar skulu vera verkferlar um það hvernig meðhöndla skal slíka öryggisbresti í samræmi við kröfur persónuverndarlaganna.

## **X. Miðlun upplýsinga**

Sveitarfélagið kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila vegna ýmissa ástæðna. Um þjónustuaðila getur verið að ræða sem veita sveitarfélaginu til dæmis upplýsingatækni- eða öryggisþjónustu. Hafi slíkir vinnsluaðilar aðgang að persónuupplýsingum vegna eðli þjónustunnar sem um ræðir, tryggir sveitarfélagið að um ábyrga vinnsluaðila sé að ræða sem tryggja öryggi upplýsinganna og uppfylla önnur skilyrði regluverks um persónuvernd.

Sveitarfélaginu kann einnig að vera skylt samkvæmt lögum að afhenda þriðja aðila persónuupplýsingar.

Miðlun persónuupplýsinga utan Evrópska efnahagssvæðisins mun ekki fara fram nema slík miðlun uppfylli skilyrði persónuverndarlaga.

## **XI. Réttindi einstaklinga sem safnað er persónuupplýsinga um**

Einstaklingar kunna að eiga rétt á og geta óskað eftir upplýsingum, m.a. um eftirfarandi:

- hvaða persónuupplýsingar eru skráðar og hvernig;
- óska eftir aðgangi að persónuupplýsingum sem sveitarfélagið vinnur um einstakling og afriti af þeim eftir atvikum;
- draga samþykki fyrir vinnslu til baka hvenær sem er;
- óska eftir því að persónuupplýsingar séu uppfærðar og leiðréttar;
- andmæla vinnslu persónuupplýsinga og óska eftir því að vinnsla sé í ákveðnum tilvikum takmörkuð;
- óska eftir því að persónuupplýsingar séu fluttar til annars aðila, til dæmis annars sveitarfélags. Hægt er að óska eftir því að persónuupplýsingar séu afhentar á tölvutæku formi eða að þær séu fluttar beint til þriðja aðila;
- beina kvörtun til eftirlitsyfirvalda um vinnslu sveitarfélagsins;

Ofangreind réttindi geta verið háð takmörkunum sem leiða meðal annars af lögum eða hagsmunum annarra sem upplýsingarnar varða.

Nauðsynlegt er að sanna á sér deili til að geta neitt ofangreindra réttinda.

Mun sveitarfélagið leitast við að svara öllum beiðnum innan mánaðar frá viðtöku þeirra. Sé þó um umfangsmikla eða flókna beiðni að ræða mun sveitarfélagið upplýsa um slíkar tafir og leitast við að svara þeim í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá viðtöku beiðni.

## **XII. Samskipti og kvörtun til Persónuverndar**

Persónuverndarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur umsjón með eftirfylgni við persónuverndarstefnu þessa og sinnir eftirliti með því að farið sé að gildandi lögum og reglum um persónuvernd í starfsemi sveitarfélagsins.

Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins með því að senda honum tölvupóst á netfangið: [personuvernd@hafnarfjordur.is](mailto:personuvernd@hafnarfjordur.is) eða hringja í síma 585-5500.

Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga hjá sveitarfélaginu er unnt að senda erindi til Persónuverndar á pósthfangið [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is), eða bréfpóst til: Persónuverndar, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík, Ísland.

### **XIII. Gildistaka og breytingar á persónuverndarstefnu þessari**

Sveitarfélagið getur á hvaða tíma sem er breytt persónuverndarstefnu þessari án fyrirvara. Komi til breytinga á stefnunni verður slíkt tilkynnt á heimsíðu sveitarfélagsins, sem er: [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is).

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið samþykkt af sveitarstjórn og birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Persónuverndarstefna þessi var samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar þann 14. nóvember 2018 og öðlast þegar gildi.